



Ársskýrsla 2016







Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Heiti á ensku: Environmental and Public Health Authorities of South Iceland

Starfssvæði: Suðurland og Vestmannaeyjar

Heimilisfang: Austurvegi 65, 800 Selfoss

Sími: 480 8250

Netfang: hsl@hsl.is

Heimasíða: www.hsl.is

Forsíðumynd: Sýnataka úr Laugarvatni.

Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit:.....	4
Inngangur	6
Hlutverk og uppbygging	6
Heilbrigðisnefnd	7
Starfsmenn	8
Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk	9
Breytingar á lögum og reglugerðum	11
Samstarf.....	12
Starfsemi.....	13
Innra starf	13
Reglubundið eftirlit.....	15
Sýnataka og niðurstöður	16
Hollustuhættir	19
Útleiga sumarhúsa og íbúða.....	20
Náttúrulaugar	21
Matvæli.....	22
Merkingar matvæla	23
Eftirlitsverkefni	23
Neysluvatn.....	23
Innra eftirlit	24
Umhverfis- og mengunarvarnir	25
Fjöldi starfsleyfa og gangur eftirlits.....	25
Brennur.....	25
Lóðir og lendur	26
Úrgangur og úrgangsmál	26
Loftgæði.....	26
Umsagnir um skipulagsmál.....	28
Vorfundur umhverfisgæðahóps UST og HES á Suðurlandi	29
Fjármál og rekstur	30
Lokaorð	32

Myndaskrá

Mynd 1. Heilbrigðisnefndin	7
Mynd 2. Fjöldi stöðugilda og tekjur reiknaðar á starfsmann	9
Mynd 3. Heilbrigðiseftirlitssvæðin á Íslandi	10
Mynd 4. Tengsl heilbrigðiseftirlits út á við	11
Mynd 5. Ferðamannastraumur á Suðurlandi.....	13
Mynd 6. Línurit sem sýnir þróun í fjölda fyrirtækja milli sviða	15
Mynd 7. Ferðamenn í Vestmannaeyjum	16
Mynd 8. Samanburður á sýnatökuniðurstöðum milli ára	16
Mynd 9. Samanburður í prósentum á niðurstöðum sýna.....	17
Mynd 10. Kökurit yfir heildarniðurstöður	18
Mynd 11. Kökurit með niðurstöðum neysluvatns.....	18
Mynd 12. Kökurit með niðurstöðum baðvatnssýna	18
Mynd 13. Niðurstöður baðvatns náttúrulauga	19
Mynd 14. Niðurstöður sýnatöku á ís úr vél.....	19
Mynd 15. Línurit sem sýnir fjölgun í útleigu sumarhúsa og íbúða.....	20
Mynd 16. Samanburður baðvatns milli ára.....	21
Mynd 17. Baðstaður í náttúru Suðurlands.....	22
Mynd 18. Samanburður á niðurstöðum neysluvatns milli ára	24
Mynd 19. Jarðhitaborhola	27
Mynd 20. Ársmeðaltal H ₂ S síðustu 6 ára	28
Mynd 21. Úr heimsókn Umhverfisstofnunar á Suðurland	29
Mynd 22. Framlag sveitarfélaga 2016.....	30
Mynd 23. Eftirlitsgjöld í samanburði við framlög sveitarfélaganna.....	31
Mynd 24. Hlutfall rekstrarkostnaðar hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands	31

Töfluskrá

Tafla 1. Fundir heilbrigðisnefndar 2016	8
Tafla 2. Fjöldi starfsmanna og starfsaldur	8
Tafla 3. Heilbrigðiseftirlitssvæðin og fjöldi heilbrigðisfulltrúa.....	10
Tafla 4. Ný mál eftir helstu málaflokkum	14
Tafla 5. Lokin mál eftir helstu málaflokkum	14
Tafla 6. Sýnatökur flokkaðar	17

Inngangur

Ársskýrsla þessi er samantekt um starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á árinu 2016. Jafnframt er í henni fróðleikur um uppbyggingu heilbrigðiseftirlits í landinu. Skýrslan er einungis send á rafrænu formi bæði til sveitarfélaga og helstu samstarfsstofnana, en hægt er að fá hana senda á prenti ef óskað er. Einnig er skýrslan aðgengileg á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: www.hsl.is.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Suðurlandi í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Svæðið nær frá Vífilfelli í vestri, Skeiðarársandi í austri, á hálendinu eru fjallaskálar sem eru starfsleyfisskyldir og Vestmannaeyjar er útvörður svæðisins í suðri. Bæði er svæðið víðfeðmt og verkefnin fjölbreytt. Í ársskýrslunni eru tölfraðilegar upplýsingar um fjölda eftirlitsskyldra aðila á Suðurlandi, fjölda mála, sýnatökur og fleira. Jafnframt er leitast við að gera grein fyrir helstu málum ársins, hlutverki og uppbyggingu ásamt rekstrarupplýsingum.

Skýrslan nær yfir tímabilið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016.

Hlutverk og uppbygging

Eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga er að reka heilbrigðiseftirlit og bera ábyrgð á rekstri þess. Heilbrigðiseftirlit er rekið af sveitarfélögum skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 msbr. en þar segir m.a. „Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits...“ og „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar“ Heilbrigðisnefnd er kosin til fjögurra ára í senn.

Sveitarfélögin sem standa að Heilbrigðiseftirliti Suðurland og eru eftirfarandi:

- Ásahreppur
- Bláskógabyggð
- Flóahreppur
- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Hrunamannahreppur
- Hveragerðisbær
- Mýrdalshreppur
- Rangárþing eystra
- Rangárþing ytra
- Skaftárhreppur
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Sveitarfélagið Árborg
- Sveitarfélagið Ölfus
- Vestmannaeyjabær

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd Suðurlands er þannig skipuð 2014-2018:

Formaður:	Páll Stefánsson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Varaformaður:	Svanborg Egilsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógabyggð Þorgils Torfi Jónsson, Rangárþingi ytra Valur Bogason, Vestmannaeyjabæ
Fulltrúi atvinnurekenda	Guðmundur Geir Gunnarsson (frá 2014-2016) Oddur Árnason, Rangárþingi eystra (frá okt. 2016)
Fulltrúi sóttvarnarlæknis	Pétur Skarphéðinsson
Varamenn eru:	Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerði Ólafur Hafsteinn Jónsson, Sveitarfélaginu Árborg Margrét Jónsdóttir, Flóahreppi Sigurhanna Friðþórsdóttir, Vestmannaeyjabæ Jóna Björk Jónsdóttir, Skaftárhreppi



MYND 1. HEILBRIGÐISNEFNDIN

Á árinu hélt nefndin átta fundi eins og kemur fram í töflu 1 og eru fundargerðir birtar jafnóðum á heimasíðu embættisins. Mynd nr. 1 er af heilbrigðisnefndinni ásamt framkvæmdastjóra.

Einn fundur nefndarinnar var haldinn í Vestmannaeyjum og var myndin tekin við það tækifæri, á myndina vantar Pétur Skarphéðinsson. Breyting varð á skipan fulltrúa atvinnurekenda í nefndinni á árinu 2016 þegar Guðmundur Geir Gunnarsson hætti (annar frá hægri á myndinni) en Oddur Árnason tók hans sæti í október.

TAFLA 1. FUNDIR HEILBRIGÐISNEFNDAR 2016

Fundur nr.	dags.
169	22. janúar
170	4. mars
171	20. apríl
172	25. maí
173	1. júlí
174	19. ágúst
175	30. september
176	2. desember

Starfsmenn


Fastráðnir starfsmenn hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands er sex eins og kemur fram í töflu 2. Þar eru nöfn starfsmanna og starfsaldur. Allir hafa þeir réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúar. Embættinu bættist liðsauki þegar nýr starfsmaður kom í hópinn, Reynir Freyr Jakobsson, en hann hóf störf þann 1. apríl 2016. Hann er sjávarútvegsfræðingur að mennt. Fjölbreytt menntun starfsmanna styður við hin fjölbreyttu verkefni sem við er að eiga.

TAFLA 2. FJÖLDI STARFSMANNA OG STARFSALDUR

Nafn	starf	starfshlutfall %	starfsaldur, ár
Sigrún Guðmundsdóttir	framkvæmdastjóri	100	14
Áslaug Rut Áslaugsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	13
María Berg Guðnadóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	11
Stella Hrönn Jóhannsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	4
Ágúst Óskar Sigurðsson	heilbrigðisfulltrúi	100	2
Reynir Freyr Jakobsson	heilbrigðisfulltrúi	100	1

Eins og sjá má á mynd 2 hefur stöðugildum fjölgað jafnt og þétt og er ljóst að með áframhaldandi fjölgun verkefna þarf að huga að enn frekari fjölgun starfsmanna. Súluritið

vísar til hægri áss grafsins þ.e. fjölda starfsmanna, meðan línuritið sýnir þróun tekna pr. starfsmann á ári allt frá árinu 2005 og til dagsins í dag, en lengst til hægri er áætlun ársins 2017 í tekjum og fjölda starfsmanna.



MYND 2. FJÖLDI STÖÐUGILDA OG TEKJUR REIKNADAR Á STARFSMANN

Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk

Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru 10 og er skipan þeirra ákveðin skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lögin eru til skoðunar í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og verður frumvarp til breytinga á þeim að líkindum lagt fyrir vorþing 2017. Svæðin 10 hafa með sér mikla samvinnu og hafa með sér formleg samtök: Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ). Markmið samtakanna er að standa vörð um heilbrigðiseftirlit á Íslandi og stuðla að árangursríku, óháðu og faglegu eftirliti.

Á heimasíðu samtakanna www.shi.is er hægt að nálgast upplýsingar um öll svæðin. Mynd 3 hér að neðan er tekin af heimasíðunni og sýnir skiptingu landsins í eftirlitssvæði. Verkefni samtakanna eru samræming og samvinna milli svæða, umsagnir við lagafrumvörp ásamt samskiptum við stjórnvöld. Þátttaka í vinnuhópum á vegum ráðuneyta við undirbúning lagafrumvarpa og reglugerða er einnig hluti af verkefnum fulltrúa frá SHÍ og hefur verið góð samvinna um slík verkefni.




MYND 3. HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN Á ÍSLANDI

Í töflu 3 hér að neðan er listað upp til fróðleiks hver fjöldi heilbrigðisfulltrúa á hverju svæði fyrir sig. Á flestum svæðunum eru byggðasamlög nokkurra sveitarfélaga líkt og á Suðurlandi.

TAFLA 3. HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN OG FJÖLDI HEILBRIGÐISFULLTRÚA

Heilbrigðiseftirlitssvæði	Fjöldi heilbrigðisfulltrúa
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	23
Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis	7
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis	2
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	2
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	2
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra	3
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	4
Heilbrigðiseftirlit Austfjarðasvæðis	5
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	6
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	3



MYND 4. TENGL HEILBRIGÐISEFTIRLITS ÚT Á VIÐ

Mynd 4 sýnir tengsl heilbrigðiseftirlits við önnur stjórnvöld og aðrar stofnanir. Sveitarfélögin þurfa að vera vakandi yfir þeim breytingum sem eru í farvatninu á lögum nr. 7/1998 og taka virkan þátt í umræðunni svo vel megi takast til um þær nauðsynlegu breytingar sem þarf að gera á lögnum.

Breytingar á lögum og reglugerðum

Breytingar voru gerðar á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald þar sem sveitarfélögunum var ætlað að taka saman umsagnir á sveitarstjórnarstiginu saman í eina umsögn til sýslumanns. Í reglugerð sem kom út um áramótin var sveigjanleiki veittur til úrfærslu sem sveitarfélögin á Suðurlandi nýttu sér og tóku ákvörðun í samráði við Sýslumanninn á Suðurlandi að haga umsagnaferlinu með sama hætti og verið hefur, enda hefði breyting ekki orðið til einföldunar eins og lagt var upp með. Aðrar breytingar á þessari löggjöf á eftir að leiða í ljós að heimagisting verður með öðru sniði. Veitingastaðir án

vínveitinga þurfa ekki rekstrarleyfi frá sýslumanni eftir þessa lagabreytingu heldur einungis starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti, sem er vissulega einföldun.

Á árinu færðist eftirlit með ræktun grænmetis og garðávaxta, frá Matvælastofnun yfir til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga með breytingu á lögum nr. 93/1995 um matvæli. Með þessari breytingu aukast verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands nokkuð þar sem mikill fjöldi matjurtaframleiðenda er á svæðinu. Fyrir hafði embættið eftirlit með pökkun matjurta í neytendaumbúðir.

Ný reglugerð á sviði matvæla var reglugerð nr. 856/2016 um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli, sem er ætlað að auka sveigjanleika löggjafarinnar og gera litlum fyrirtækjum auðveldara fyrir í samkeppninni.

Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti hefur verið í endurskoðun enda lögnu tímabært að gera nauðsynlegar breytingar í samræmi við aðrar tengdar reglugerðir s.s. byggingareglugerð og reglugerð um veitinga- og gististaði.

Beðið er eftir að tvær nýjar reglugerðir líti dagsins ljós, þ.e. *reglugerð um fráveitur og skólp* og *reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi* sem báðar eru fyrir nokkru búnar í umsagnarferli og eru vonandi á síðustu metrunum.

Samstarf

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er í samstarfi við átta embætti skipulags- og byggingafulltrúa auk þeirra 14 sveitarfélaga sem standa að embættinu. Tvö sýslumannsembætti eru á svæðinu auk þess sem Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur nú bæst við sem samstarfsaðili því öll heimagisting verður framvegis skráð rafrænt hjá honum í gátt á slóðinni: www.heimagisting.is

Aðrar samstarfsstofnanir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands út á við eru fyrst og fremst önnur heilbrigðiseftirlitssvæði, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun.

Matvælastofnun hefur samkvæmt matvælalögum það hlutverk að stuðla að samræmdu matvælaeftirliti í landinu öllu og er það gert með útgáfu leiðbeininga og einnig er samstarfshópur starfandi sem kallast í daglegu tali „*Matvælahópurinn*“. Hann samanstendur af fulltrúum frá Matvælastofnun og heilbrigðisfulltrúum víða af landinu. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur gegnum tíðina verið virkur þátttakandi í því starfi. Þar eru tekin fyrir álitamál og annað sem stuðlar að einsleitu eftirliti á landinu öllu. Hópurinn fundaði fimm sinnum á síðasta ári.

Umhverfisstofnun hefur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir það hlutverk að stuðla að samræmdu eftirliti á sviði hollustuhátta, umhverfis- og mengunarvarna og einnig



MYND 5. FERÐAMANNASTRUMUR Á SUÐURLANDI

efnavörueftirlits. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er virkur þátttakandi í samræmingarhópum sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með. Það er annars vegar Umhverfisgæðahópurinn sem fundar mánaðarlega yfir vetratímenn og hins vegar Hollustuháttahópurinn sem einnig fundar að jafnaði mánaðarlega yfir vetratímenn og eru flestir þátttakendur með í gegnum síma.

Á slíkum fundum eru nýjungar/breytingar á löggjöf/reglugerðum kynntar og eftirlit samræmt betur á landsvísi, sem og tilfallandi mál rædd hverju sinni.

Starfsemi

Meginstarfsemin er reglubundið eftirlit með starfsleyfis skyldum fyrirtækjum og stofnunum.

Helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru:

- Reglubundið eftirlit og leyfisveitingar.
- Umsagnir vegna skipulagsmála til skipulags- og byggingafulltrúa.
- Umsagnir um veitinga- og gististaði vegna rekstrarleyfa og vegna tækifærisleyfa sem sýslumenn veita.
- Umsagnir vegna brennuleyfa sem sýslumenn veita.
- Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi.
- Vöktun loftgæða og önnur umhverfisvöktun og álímingar.
- Skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga.

Innra starf

Heimasíða Heilbrigðiseftirlitsins www.hsl.is er í stöðugri þróun og hefur nú verið bætt við möguleika til að skrá matjurtaframleiðslu beint á heimasíðunni, sem berst til embættisins sem

tölvupóstur. Möguleikinn á rafrænum ábendingum/kvörtunum og skýrsluskilaformi til meindýravarnaeyða hefur verið virkur í nokkur ár og hefur verið notaður í sí auknum mæli.

Allar kvartanir þurfa að vera skriflegar og er auðveld leið að fara með slíkt í gegnum skráningu á netinu. Ábendingar sem berast með öðrum hætti fara því ekki sömu úrvinnsluleið og móttaka kvartana.

Með því að gera meindýraeyðum kleift að skila skýrslum um unnin verk, rafrænt, gerði það að verkum að lögbundnar skráningar þeirra löguðust til muna. Er það okkar mat að bæði HSL og meindýraeyðar eru almennt ánægðir með þetta fyrirkomulag. Rafræn stjórnsýsla er því smám saman að auka hlutdeild sína. Sem dæmi er á vefnum: www.island.is hægt að sækja rafrænt um starfsleyfi, og ýmis önnur leyfi sem viðkomandi starfsemi þarf. Betur má ef duga skal og mun Heilbrigðiseftirlit Suðurlands halda áfram að bæta heimasíðu sína fyrir notendur og almenning.

TAFLA 4. NÝ MÁL EFTIR HELSTU MÁLAFLOKKUM

Mánuður / Tegund máls	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
<i>Almennt mál</i>	24	21	16	28	31	47	21	26	28	28	34	22	326
<i>Brennuleyfi</i>	2	0	0	2	0	3	9	4	1	0	3	21	45
<i>Eftirlit</i>	0	1	0	1	1	5	3	2	2	0	2	1	18
<i>Skipulag umsagnir</i>	3	5	7	3	17	3	13	2	11	7	4	14	89
<i>Starfsleyfi</i>	24	19	37	38	29	43	35	26	23	11	22	21	328
<i>Tóbakssöluleyfi</i>	1	2	3	2	0	1	1	3	0	2	2	0	17
<i>Tækifærisleyfi</i>	0	0	0	3	4	5	3	5	3	6	2	9	40
<i>Veitingar og gisting</i>	26	23	26	25	28	21	34	21	23	13	15	19	274
<i>Samtals</i>	80	71	89	102	110	128	119	89	91	67	84	107	1137


TAFLA 5. LOKIN MÁL EFTIR HELSTU MÁLAFLOKKUM

Mánuður / Tegund máls	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
<i>Önnur mál</i>	11	8	42	13	2	5	10	4	5	4	2	5	111
<i>Almennt mál</i>	21	12	61	47	22	31	13	21	26	19	17	58	348
<i>Brennuleyfi</i>	4	0	0	2	0	2	5	7	1	0	3	18	42
<i>Eftirlit</i>	0	0	1	3	1	2	1	0	1	1	1	3	14
<i>Skipulag umsagnir</i>	4	5	14	1	8	5	9	1	8	0	3	5	63
<i>Starfsleyfi</i>	24	13	26	36	23	47	24	37	20	17	12	22	301
<i>Tóbakssöluleyfi</i>	1	2	2	2	1	1	0	4	0	1	2	1	17
<i>Tækifærisleyfi</i>	0	0	0	1	4	3	5	6	3	2	3	7	34
<i>Veitingar og gisting</i>	23	11	21	34	18	32	29	20	16	13	11	20	248
<i>Samtals</i>	88	51	167	139	79	128	96	100	80	57	54	139	1178

Í töflunum hér að framan má sjá yfirlit yfir fjölda nýrra og lokinna mála hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands fyrir árið 2016. Reglubundið eftirlit er almennt er ekki talið til sérstakra mála í málaskráningarkerfinu og er fjallað um það í næsta kafla. Töflurnar sýna skiptingu milli einstakra málaflokka og eru þar umsagnir með mesta fjöldann. Umsagnir skiptast aðallega í tvo flokka. Annars vegar umsagnir til sýslumanna vegna gisti- og veitingaleyfa og hins vega umsagnir til skipulagsfulltrúa vegna hvers konar skipulagsmála.

Reglubundið eftirlit

Á árinu 2016 var fjöldi eftirlitsskyldra aðila 1518 og eftirlitsferðir vegna þeirra, skv. eftirlitsáætlun alls 928. Til viðbótar þessu eru síðan heimsóknir vegna nýrra umsókna og svo ferðir vegna tilfallandi eftirlits, eftirfylgni vegna athugasemda, kvartana og þess háttar. Fjöldi eftirlitsferða getur verið nokkuð mismunandi milli ára og ræðst það helst af ákvörðun um fjölda heimsókna sem hvert fyrirtæki á að fá. Tíðnin getur þannig verið allt frá því að vera einu sinni á fjögur ára fresti og upp í heimsóknir annan hvern mánuð.



MYND 6. LÍNURIT SEM SÝNIR ÞRÓUN Í FJÖLDA FYRIRTÆKJA MILLI SVIÐA

Á 12 ára tímabili hefur verið stöðug aukning eftirlitsskyldra aðila og hefur hún verið að jafnaði 4% milli ára sem þýðir 47% aukningu frá 2005 til 2016. Á sama tíma hefur starfshlutfall einungis aukist um 20%. Reiknað er fastlega með að eftirlitsskyldum aðilum eigi eftir að halda áfram að fjölga jafnt og þétt næstu árin, sérstaklega ef tekið er mið af vexti ferðapjónustunnar á Suðurlandi. Á mynd 6 eru upplýsingar um fjölda fyrirtækja milli ára og skiptingu þeirra milli sviða. Mynd 7 er af ferðamönnum í Vestmannaeyjum.


Í árlegri eftirlitsáætlun, sem lögð er fram á fundi heilbrigðisnefndar í upphafi hvers árs, er að finna fjölda heimsóknna sem markmiðið er að sinna í reglubundnu eftirliti á árinu. Í upphafi hvers árs liggja því fyrir skilgreind meginmarkmið sem vinna á út frá, auk undirmarkmiða á hvern málaflokk. Megináherslan er að sinna reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum sem eiga að fá slíkt.



MYND 7. FERÐAMENN Í VESTMANNAEYJUM

Sýnataka og niðurstöður

Árið 2016 voru 363 sýni tekin í eftirlitsferðum heilbrigðisfulltrúa og hafa sýnatökur aldrei verið jafnmargar. Tíðni sýnataka í reglubundnu eftirliti er mismunandi milli ára sem og sá fjöldi sýna sem á að taka á hverjum stað fyrir sig. Sýnatökur eru endurteknar standist sýni ekki þær gæðakröfur sem til þeirra eru gerðar í viðeigandi reglugerð. Rekstraraðilum er gefinn tími til endurbóta áður en til endurtekningar sýnatöku kemur nema verið sé að staðfesta




MYND 8. SAMANBURÐUR Á SÝNATÖKUNIÐURSTÖÐUM MILLI ÁRA

hugsanlega mengun eða smit þá er önnur sýnataka framkvæmd svo fljótt og kostur er eftir að fyrri niðurstöður liggja fyrir. Nokkrar ástæður liggja fyrir miklum fjölda sýna fyrir utan

reglubundnar sýnatökur með vatnsveitum/einkavatnsbólum og baðstöðum. Aukinn fjöldi sumarhúsa í útleigu kallar m.a. á aukinn fjölda neysluvatnssýna.

Ný reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni kveður á um að sýnatöku í baðstöðum í flokki 1 eigi að fá 10 sýnatökur yfir árið.




MYND 9. SAMANBURÐUR Í PRÓSENTUM Á NIÐURSTÖÐUM SÝNA


Á myndum 8 og 9 eru niðurstöður sýna bornar saman milli ára og er þar átt við allar gerðir sýna hvort sem um er að ræða neysluvatn, matvæli eða baðvatn ofl. og hvernig sýnin voru metin. Í töflu 6 hér að neðan má sjá helstu skiptingu á sýnatökuflokkum sem gerðar voru árið 2016 ásamt niðurstöðum úr þeim flokkum. Kökurit á mynd nr. 10 sýnir hlutfallslega skiptingu niðurstaðna við heildarsamanburð sýna. Kökurit á myndum nr. 11-14 skýra sig sjálf að mestu leyti en þar er kemur fram hlutfall sýna sem stóðust kröfur viðkomandi reglugerða og þeirra sem féllu.

TAFLA 6. SÝNATÖKUR FLOKKAÐAR


	Ekki metið	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Alls
Neysluvatn		143	25	168
Mjólkurís		10	1	11
Baðvatn		92	40	132
Náttúrulegar	1	12	4	17
Yfirborðsvatn/skólp	25			25
Klaki/ís	2			2
Matvæli	2	2		4
Önnur sýni	4			4
Samtals	34	259	70	363




MYND 10. KÖKURIT YFIR HEILDARNIÐURSTÖÐUR




MYND 11. KÖKURIT MEÐ NIÐURSTÖÐUM NEYSLUVATNS



MYND 12. KÖKURIT MEÐ NIÐURSTÖÐUM BAÐVATNSSÝNA



MYND 13. NIÐURSTÖÐUR BAÐVATNS NÁTTÚRULAUGA



MYND 14. NIÐURSTÖÐUR SÝNATÖKU Á ÍS ÚR VÉL

Hollustuhættir

Árið 2016 voru 773 fyrirtæki á sviði hollustuhátta. Fyrirtæki sem falla undir hollustuháttasvið eru t.d. gisti- og veitingastaðir, snyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, menntastofnanir, íþróttamannvirki þ.m.t. sund- og baðstaðir, almennings leiksvæði, hestaleigur og tjaldsvæði svo eitthvað sé nefnt. Tilfallandi eftirlit eins og húsnæðisskoðanir og skipaskoðanir falla einnig undir hollustuháttasvið.


Algengt er að fólk rugli saman hlutverki heilbrigðiseftirlits og vinnueftirlits í eftirliti heilbrigðisfulltrúa en almenna reglan er sú að heilbrigðiseftirlitið skoðar þessi fyrirtæki út frá hagsmunum viðskiptarvarinarins á meðan vinnueftirlitið skoðar aðbúnað starfsfólks sem og vélknúin/rafknúin tæki. Í úttekt/eftirliti fyrirtækja skoða heilbrigðisfulltrúar m.a. innra eftirlit,

hreinlæti, öryggismál og að almennu viðhaldi á húsnæði sé sinnt. Almennt gekk eftirlit árið 2016 á sviði hollustuhátta vel og náðist að klára eftirlitslista ársins að undanskildu eftirliti í fjallaskálana sem eru fjölmargir á svæðinu.

Útleiga sumarhúsa og íbúða

Fjöldi fyrirtækja á sviði hollustuhátta hefur aukist mikið undanfarin ár og er það sérstaklega vegna aukins fjölda fyrirtækja og einstaklinga sem bjóða upp á gistingu fyrir ferðamenn. Óhætt er að segja að sprenging hafi orðið á fjölda sumarhúsa og íbúða sem bjóðast til útleigu sem rekja má til fjölgunar ferðafólks hérlandis, samanber línurit á mynd nr. 15. Ekkert lát er á starfsleyfisumsóknum og gera má ráð fyrir frekari fjölgun umsókna þegar að breyting á lögum og reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald hafa að fullu tekið gildi, þ.e. um áramótin 2016-2017.

Þegar að sumarhús/íbúðir eru skoðaðar eru húsnæðið almennt skoðað, spurt út í þrif á húsnæði og líni, öryggismál athuguð t.d. varðandi heita potta séu þeir til staðar, efnaöryggismál (að efnavara/hættuleg efni séu geymd í læstum skáp/rými), vatnshiti við



MYND 15. LÍNURIT SEM SÝNIR FJÖLGUN Í ÚTLEIGU SUMARHÚSA OG ÍBÚÐA


töppunarstað athugaður. Einnig er neysluvatnssýni tekið sé húsnæðið á einkavatnsbóli. Rekstraraðilar eru einnig fræddir um veggjalýs (bed bugs - *Cimex lectularius*) sjá nánar á heimsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands:

<http://www.ni.is/biota/animalia/arthropoda/hexapoda/insecta/hemiptera/cimicidae/cimex-lectularius> Þetta eru einföld eftirlit en oft tímafrek þar sem mæla þarf sér mót við hvern

rekstraraðila. Oft nýtast ferðirnar illa þar sem eftirlitin eru í sumarþustaðarhverfum og enginn fyrirtæki í grennd sem eiga að fá eftirlit hjá embættinu.

Náttúrulaugar

Nýleg reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni kom mikið inn á borð Heilbrigðiseftirlits Suðurlands árið 2016. Embættið fékk á sig eina stjórnsýslukæru vegna hennar þar sem heilbrigðisnefnd hafnaði breytingu á starfsleyfi. Sótt var um að fá að reka „náttúrulaug“ inni á sund- og baðstað (sem fer eftir reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum) þannig að staðurinn hefði þá verði blanda af sund- og baðstað og stað sem rekur laug samkvæmt reglugerð 460/2015 um baðstað í náttúrunni. Niðurstöður úrskurðanefndar höfðu ekki borist þegar skýrslan var skrifuð. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur ákveðið að aðhafast ekki frekar í málinu fyrr en úrskurður nefndarinnar liggur fyrir.



MYND 16. SAMANBURÐUR BAÐVATNS MILLI ÁRA

Þó nokkrir aðilar sem hyggjast fara í rekstur náttúrulauga hafa sýnt reglugerðinni mikinn áhuga. Sá galli er þó á gjöf Njarðar að reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni heimilar ekki að baðstaðir í náttúrunni séu manngerðir og eru verkefnin því í bið. Þrýstingur hefur verið að hálfu hagsmunasamtaka og rekstraraðila að reglugerðin verði tekin til endurskoðunar vegna þessa. Stjórnvöld hafa nú reglugerðina til endurskoðunar auk þess sem fyrirhugaðar eru smávægilegar breytingar á reglugerð nr. 814/2010 um sund- og baðstaði vegna þessa svo að reglugerðirnar verði samræmdar og til að minnka misskilning manna á hugtökum í þeim.



MYND 17. BAÐSTAÐUR Í NÁTTÚRU SUÐURLANDS

Reglugerðabreytingarnar voru til umsagnar í lok árs 2016. Var einungis gefin stuttur tími til að veita umsögn nú í desember sl. en þrátt fyrir það hafa breytingareglugerðirnar enn ekki verið birtar. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gagnrýndi m.a. þann knappa tíma sem veittur var til umsagnarinnar, enda ljóst er að þetta verk þarf að vinnast vel og ekki í flýti þar sem rekstur slíkra lauga snýr að ýmsum þáttum s.s. öryggi gesta og heilnæmi vatnsins. Ekki ólíkt því sem gildir á sund- og baðstöðum í dag. Manngerðir baðstaðir í náttúrunni sem mögulega verða í rekstri í framtíðinni, og eru þ.a.l. starfsleyfis skyldir hjá embættinu, geta verið í ýmiskonar formi gangi reglugerðabreytingin eftir. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tók þátt í starfshóp vegna reglugerðar nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Í honum sátu fulltrúar frá Umhverfisstofnun og aðrir heilbrigðisfulltrúar frá öðrum svæðum.

Matvæli

Matvælafyrirtæki eru samkvæmt skilgreiningu fyrirtæki eins og vatnsveitur, garðyrkjustöðvar með pökkun, mótuneyti, matvöruverslanir, söluturnar og veitingastaðir. Ef allt er talið eru matvælafyrirtæki hjá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 402, en sum þeirra einnig á hollustuháttaeða mengunarvarnasviði s.s. mótuneyti í skólum og leikskólum og veitingastaðir á bensínstöðvum, svo fátt eitt sé talið. Megin verkefnin eru beint eftirlit með þessum fyrirtækjum með tilheyrandi sýnatöku á neysluvatni og matvælum ásamt fræðslu um hvað eina sem snýr að hollustuháttum í starfsemi matvælafyrirtækja.

Breyting á matvælalögum á árinu 2016 varð til þess að eftirlit með ræktun matjurta færdist frá Matvælastofnun til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Fyrir var heilbrigðiseftirlitið með eftirlit með pökkun matjurta í neytendaumbúðir. Hluti af þessu eftirliti er sýnataka vegna varnarefnaþátta sem nú er mun nákvæmari mæling en áður þekktist vegna nýrra mælitækja hjá Matís ohf. sem tók í notkun öflugra tækjasamstæðu til þessara mælinga árið 2014.

Merkingar matvæla

Merkingar eru hluti af eftirliti, bæði með framleiðslufyrirtækjum og með vörum í smásölu á markaði. Kröfur eru til fyrirtækja sem pakka matvælum að geta sýnt fram á að umbúðir sem snerta matvælin séu ætluð fyrir matvæli. Bera slíkar umbúðir oft merkið glas og gaffal.



Reglugerð 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda leit dagsins ljós í lok árs 2014 og hefur verið í innleiðingarferli allt fram að þessu.

Eftirlitsverkefni

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tók þátt í eftirlitsverkefni á landsvísu ásamt Matvælastofnun sem lýtur að skráningu kælingar matvæla eftir eldun. Hraði kælingar er mikilvægt atriði til þess að minnka líkur á matarsýkingum vegna of lítillar eða of hægrar kælingar. Miða skal við að:

- Kæling frá 60°C niður að 20°C skal ekki taka lengri tíma en tvær klukkustundir.
- Kæling frá 60°C niður í 4°C skal ekki taka lengri tíma en fjórar klukkustundir.


Annað eftirlitsverkefni hefur verið í gangi varðandi fullyrðingar á fæðubótarefnum og öðrum matvælum. Verkefnið er tvíþætt, annars vegar er tekið á næringarfullyrðingum og hins vegar heilsufullyrðingum. Fullyrðingar á matvælum mega ekki vera rangar, tvíræðar eða villandi. Þær mega ekki hvetja til óhóflegrar neyslu matvæla eða réttlæta slíka neyslu. Ekki má gefa í skyn að ekki fáið nægilegt magn næringarefna í venjulegri fæðu.

Óheimilt er eigna matvælum þann eiginleika að koma í veg fyrir, vinna á eða lækna sjúkdóm í mönnum eða vísa í slíka eiginleika. Slíkt kallast heilsufullyrðingar og eru einungis leyfðar í einstaka undantekningartilfellum sem eru byggðar á vísindalegum rökum.

Neysluvatn

Alls voru tekin 168 neysluvatnssýni á árinu. Af þeim voru 143 sem fullnægðu ákvæðum neysluvatnsreglugerðar. 25 sýni voru ófullnægjandi eða 15%. Það er hærra en á síðasta ári en á móti kemur að fjöldi sýna var tekinn sl. haust þegar vatnsbólín voru undir miklu álagi vegna ópurrtatíðar. Rökrétt er að taka sýni þegar vatnsbólín eru undir álagi þar sem ætlast

er til að vatnsból skili alltaf viðunandi vatnsgæðum. Einnig var fylgt eftir málum í einkavatnsbólum sem voru ekki með fullnægjandi frágang. Þeim málum er ekki lokið. Á mynd 18 sést fjöldi tekinna sýna milli ára á súluriti sem vísar til vinstri áss grafsins og prósentuhlutfall þeirra sýna sem hafa fallið og vísar til hægri áss.



MYND 18. SAMANBURÐUR Á NIÐURSTÖÐUM NEYSLUVATNS MILLI ÁRA

Innra eftirlit

Íslenska matvælalöggjöfin er nú sú sama og gildir innan Evrópusambandsins og ríkari áhersla er lögð á ábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækjanna. Þeir þurfa að geta sýnt fram á öryggi vörunnar sem þeir framleiða og markaðssetja. Það er þeirra að sýna eftirlitsaðila fram á að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir í fyrirtækinu. Jafnframt er þeim skylt að koma á og innleiða innra eftirlit í sínu fyrirtæki.

Innra eftirlit matvælafyrirtækja skal vera byggt á grunnreglum HACCP. Umfang skal vera í samræmi við stærð og eðli hvernar starfsemi fyrir sig. Leiðbeiningar til að koma á fót og innleiða innra eftirlit er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar ásamt sýnishorni af innra eftirliti sem lítil matvælafyrirtæki geta hlaðið niður og aðlagð sinni starfsemi, sjá slóð:

<http://mast.is/matvaelastofnun/innra-efirlit/>

Flóknari fyrirtækjum er bent á að leita sér aðstoðar hjá fagaðilum. Samtök starfsgreina hver á sínu sviði hafa verið hvött til að koma upp handbókum um innra eftirlit til að auðvelda fyrirtækjum slíka innleiðingu líkt og gert hefur verið í nágrannalöndum okkar. Hér á landi hafa Samtök garðyrkjubænda gengið á undan með góðu fordæmi í þessum efnum og gefið út gæðahandbók handa sínum félagsmönnum.

Umhverfis- og mengunarvarnir

Umhverfis- og mengunarvarnaeftirlit tekur til vöktunar og eftirlits með þeim þáttum sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum auk fræðslu um þessi mál.

Verkefni á umhverfis- og mengunarvarnasviði eru m.a. eftirlit og útgáfa starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi eins og verkstæði, bensín- og olíuafgreiðslustöðvar, gámostöðvar, alifugla-, svína- og loðdýrabú, fiskvinnslur, sláturhús, hreinsistöðvar fráveitu, vatnsafls- og varmavirkjanir, efnistöku, landmótun o.fl. Einnig eru gefin út starfsleyfi fyrir ýmiskonar tímabundna mengandi starfsemi s.s. verktakaaðstöðu við tímabundnar framkvæmdir, jarðboranir, brennur og flugeldasýningar. Jafnframt er sýnataka á verkefnalistanum, gerð umsagna um skipulagsmál og umhverfismat vegna framkvæmda og þátttaka í ýmsum samstarfsverkefnum er varða umhverfi og mengunarvarnir.

Helstu lög og reglugerðir sem varða umhverfis- og mengunarvarnaeftirlit eru lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi o.m.fl.

Fjöldi starfsleyfa og gangur eftirlits

Árið 2016 voru aðilar með gilt starfsleyfi á umhverfis- og mengunarvarnasviði 343. Hefur þeim fjölgað um 13 sem er tæplega 4% aukning frá síðasta ári. Eftirlit gekk vel á árinu og voru fáar stórar athugasemdir gerðar og ekki þurfti að beita þvingunarúrræðum. Eins og áður sneru athugasemdir aðallega að umgengni utandyra og mengunarvörnum eins og að olíuskiljur vanti á fráveitu verkstæða og annarra staða þar sem höndlað er með olíur.

Brennur

Þann 30. júní 2015 komu út lög nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, en skv. nýju lögunum þurfa allar brennur sem eru stærri en 1m³ skriflegt leyfi sýslumanns, samþykki slökkviliðsstjóra og starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum kom síðan út 15. apríl 2016, en þar er að finna nánari útfærslu á ákvæðum ofangreindra laga. Á grundvelli hinna nýju laga og reglugerðar voru á árinu 2016 gefin út 45 brennuleyfi, þar af 13 um mánaðamótin júlí/ágúst og 21 í

desembermánuði. Til samanburðar þá voru gefin út 17 brennuleyfi allt árið 2015, þar af 2 í júlí og 13 í desembermánuði.

Lóðir og lendur

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands var á árinu í góðu samstarfi við áhaldahús sveitarfélagana við að koma númerslausum bílum og öðrum hlutum af götum og opnum svæðum og mun halda því áfram, enda þarft verk.

Úrgangur og úrgangsmál

Á undanförnum árum hefur orðið mikil vitundarvakning almennings og fyrirtækja hvað varðar meðhöndlun úrgangs. Flokkun úrgangs hefur aukist verulega og í kjölfarið endurvinnsla og endurnýting hans til margvíslegra nota, enda oft um fjárhagslegan ávinning og verðmætasköpun að ræða. Ýmsar reglugerðir á sviði úrgangsmála hafa litið dagsins ljós á undanförnum árum sem ýta undir þessa þróun, þ.á.m. reglugerð nr. 564/2014 um lok úrgangsfasa og reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs. Á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru 37 aðilar með starfsleyfi til meðhöndlunar úrgangs, þar af 18 sem eru að endurvinna úrgang í einhverju formi, allt frá landmótun yfir í fóðurgerð og áburðargerð.

Loftgæði

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með fjórum loftgæðamælum í eigu Orku Náttúrunnar (ON) vegna útblásturs brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun. Loftgæðamælarnir eru staðsettir í Norðlingaholti, í Hveragerði, á Hellisheiði og á Nesjavöllum. Verkfræðistofan Vista hefur umsjón með ofangreindum mælum, þ.e. daglegum rekstri og kvörðunum, og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur umsjón með yfirferð og leiðréttingu gagna.

Í gildi er samræmd verklagsregla, sem gefin er út af Umhverfisstofnun, OR, LV og HS-Orku um úrvinnslu gagna úr H₂S loftgæðamælum. Þar segir að til að ársmeðaltalsmæling teljist áreiðanleg skal viðkomandi mælitæki hafa mælt á viðkomandi mælistað a.m.k. 90% af almanaksárinu. Ef mælingar liggja niðri vegna óviðráðanlegra orsaka til lengri tíma skal einungis birta mánaðarmeðaltöl fyrir mælda mánuði.

Skv. reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti m.s.br. skal:

- styrkur hlaupandi 24 klst. meðaltals ekki fara oftar en 3 sinnum á ári yfir 50 µg/m³,
- ársmeðaltal ekki fara yfir 5 µg/m³,
- tilkynna almenningi með formlegum hætti þegar styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti hefur að meðaltali verið yfir 150 µg/m³ í þrjár klukkustundir samfelld.

Árið 2016 var upptími mælitækja bæði í Norðlingaholti og Hveragerði 99,9%. Því eru frummælingar til útreiknings ársmeðaltals á báðum stöðum taldar áreiðanlegar, sbr. ofangreinda samræmda verklagsreglu um úrvinnslu gagna úr H_2S loftgæðamælum. Hlaupandi 24 klst. meðaltal fór einu sinni yfir $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$ á árinu en það var í janúarmánuði í Norðlingaholti. Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti fór aldrei yfir tilkynningamörk ($150 \mu\text{g}/\text{m}^3$ í 3 klst. samfellt) á árinu. Ársmeðaltal ársins 2016 í Norðlingaholti var $3,5 \mu\text{g}/\text{m}^3$ sem er aðeins hærra en árið 2015 þegar ársmeðaltalið var $2,8 \mu\text{g}/\text{m}^3$. Í Hveragerði reyndist ársmeðaltal ársins 2016 einnig vera $3,5 \mu\text{g}/\text{m}^3$.

Niðurstaða loftgæðamælinga í byggð vegna útblásturs brennisteinsvetnis frá virkjunum ON á Hellisheiði og Nesjavöllum var því innan þeirra marka sem sett eru í ákvæðum reglugerðar nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti m.s.br. Athygli vekur ársmeðaltal H_2S mælinga í Hveragerði hefur verið stöðugt undanfarin þrjú ár, en meðaltal ársins 2016 er $0,1 \mu\text{g}/\text{m}^3$ minna en árið 2015 og $0,2 \mu\text{g}/\text{m}^3$ minna en árið 2014. Meira flökt er hins vegar á ársmeðaltali í Norðlingaholti.


Þá ber að geta þess að árið 2016 var fyrsta heila árið frá því mælingar hófust þar sem mælingar voru ekki truflaðar af einhverjum utanaðkomandi atburðum. Þá var um mitt ár 2016 bætt við annarri dælu í gashreinsistöð virkjunarinnar á Hellisheiði þannig að nú hreinsar hún um 60% af því H_2S sem berst frá virkjuninni, þ.e. H_2S sem berst frá öllum fjórum vélarsamstæðum í aðalhúsi Hellisheiðarvirkjunar. Ekki hefur verið komið fyrir gashreinsibúnaði á vélarsamstæðurnar tvær í stöðvarhúsinu í Sleggju.



MYND 19. JARÐHITABORHOLA

Eins og sjá má á mynd 20 hefur mengun af völdun brennisteinsvetnis í andrúmslofti minnkað á undanförunum árum og vonir standa til að hún minnki enn meira þar sem um mitt ár 2016

var afkastageta gashreinsistöðvarinnar við Hellisheiðarvirkjun tvöfölduð og hreinsar hún nú um 60% af því brennisteinsvetni sem losnar við vinnslu jarðhitavökvans. Árið 2012 sker sig úr vegna þess að loftgæðamælar voru bilaðir meira en 30% af árinu, meira og minna allt sumarið, og því eru mælingar ómarktækar. Hins vegar er ekki óeðlilegt að mengun vegna brennisteinsvetnis hafi aukist töluvert á tímabilinu frá 2011-2013 því að í september 2011 voru tvær vélasamstæður í Sleggjunni svokölluðu gangsettar til viðbótar við þær fjórar sem eru í aðalvirkjunarhúsinu, en engar ráðstafanir voru gerðar til að draga úr brennisteinsvetnismengun frá Hellisheiðarvirkjun fyrr en um mitt ár 2014 þegar fyrsta áfanga gashreinsistöðvar var hleypt af stokkunum. Mælingar ársins 2015 þarf að skoða með það í huga að stillingum loftgæðamæla var breytt þannig að mælarnir mældu einnig SO₂ vegna eldgossins í Holuhrauni, og eru þær því mögulega ekki eins nákvæmar og mælingar fyrir árið 2016. Þess má geta að starfsleyfi Hellisheiðarvirkjunar var endurnýjað í október með endurskoðuðum starfsleyfisskilyrðum, þar sem m.a. er gerð sú krafa að auk þeirra fjögurra föstu mælistöðva sem virkjunin hefur rekið undanfarin ár, skal hún reka eina færanlega loftgæðamælistöð sem staðsett verður þar sem þörf er á hverju sinni, þó að jafnaði í Lækjarbotnum yfir vetrartíman þegar von er á hvað hæstum styrk H₂S á þeim slóðum.



MYND 20. ÁRSMEÐALTAL H₂S SÍÐUSTU 6 ÁRA

Umsagnir um skipulagsmál

Mikil aukning hefur verið í fjölda skipulagsmála sem koma til umsagnar Heilbrigðiseftirlitsins undanfarin ár. Árið 2016 voru stofnuð 90 mál vegna umsagna um aðalskipulag (23), deiliskipulag (63) og mat á umhverfisáhrifum (4). Alls veitti embættið 128 umsagnir til annars vegar skipulags- og byggingafulltrúa sveitarfélaganna og hins vegar Skipulagsstofnunar,

vegna ofangreindra mála. Mismunur á milli fjölda nýrra mála og fjölda umsagna skýrist af því að í mörgum tilvikum er verið að veita fyrst umsögn um lýsingu skipulags og síðan tillögu að skipulagi í framhaldinu og jafnvel umsögn um breytingar á tillögu frá því hún var fyrst lögð fram.




MYND 21. ÚR HEIMSÓKN UMhverfisgæðahóps Á Suðurland

Vorfundur umhverfisgæðahóps UST og HES á Suðurlandi

Árlegur vorfundur umhverfisgæðahóps Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna var haldinn að Hótel Heklu 11.-12. apríl 2016. Tóku heilbrigðisfulltrúar af öllum svæðum nema Vesturlandi þátt í fundinum auk tveggja starfsmanna Umhverfisstofnunar. Þema fundarins var „lyktarmikil starfsemi“, áhættumat og endurskoðun starfsleyfis skilyrða. Heimsótt voru fjögur fyrirtæki í Hrunamannahreppi sem öll geta fallið undir þema fundarins en starfsemi fyrirtækjanna er eins ólík og þau voru mörg, þ.e. loðdýrabú, fiskþurrkun, seyruvinnsla og sveppaframleiðsla. Þótti fundurinn takast með ágætum og ríkti almenn ánægja með skipulag og innihald. Hluti umhverfisgæðahóps Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna sést á mynd 21 að slaka á í Gömlu lauginni á Flúðum eftir vel heppnaðar heimsóknir í fyrirtæki í nágrenninu.

Fjármál og rekstur


Kostnaður við rekstur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er fjármagnaður annars vegar með eftirlitsgjöldum sem lögð eru á starfsleyfisskylda starfsemi og hins vegar sem lögbundin framlög frá sveitarfélögunum. Bein framlög einstakra sveitarfélaga má sjá á mynd 23 hér að neðan. Skipting kostnaðar ræðst af íbúafjölda aðildarsveitarfélaganna og miðast framlagið við 794 kr. á íbúa á árinu 2016.




MYND 22. FRAMLAG SVEITARFÉLAGA 2016

Verkefni heilbrigðiseftirlitsins aukast ár frá ári og þar með umsvif eftirlitsins. Eins og hér að framan hefur verið greint frá munar mest um aukningu er varða þjónustu við ferðamenn. Á mynd 24 hér að neðan sýnir kostnað milli ára og hlutfall eftirlitsgjalda og beinna framlaga frá sveitarfélögunum.

Að mörgu leyti gekk rekstur eftirlitsins vel á árinu og voru tekjur töluvert umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Eins og kemur þó fram í ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir árið 2016 var eftirlitið rekið með um 4,5 milljóna kr. tapi. Skýrðist það af hækkun launa vegna nýrra kjarasamninga og verulegri hækkun lífeyrisskuldbindinga sem ekki var hægt að gera ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrra árs.



MYND 23. EFTIRLITSGJÖLD Í SAMANBURÐI VIÐ FRAMLÖG SVEITARFÉLAGANNA



MYND 24. HLUTFALL REKSTRARKOSTNAÐAR HJÁ HEILBRIGÐISEFTIRLITI SUÐURLANDS

Lokaorð

Síðastliðið ár hefur verið annasamt hjá öllum starfsmönnum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og er ljóst að aukinn ferðamannastraumur þýðir aukin umsvif í starfseminni. Þó mikið sé að gera eru verkefnin svo fjölbreytt að engir tveir dagar eru eins og enginn tími til að láta sér leiðast í þessu umhverfi. Góð samvinna milli eftirlits og fyrirtækja og stofnana er mikils virði og teljum við að góðan árangur megi að miklu leyti þakka slíkri samvinnu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þakkar gott samstarf við aðildarsveitarfélögin, fyrirtæki og almenning og horfum við með eftirvæntingu fram á veginn og verkefnin sem bíða okkar.

Selfossi í maí 2017

Sigrún Guðmundsdóttir